



2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2020 - 2021 haldinn miðvikudaginn 28. okt. 2020 kl.12:00. Fundurinn er fjarfundur í Zoom.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Frosti Jónsson og Þorgerður Anna Arnardóttir. Fundinn sátu einnig Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara, Anna Sóley Stefánsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

- **Fjármál skólans**
Staða fjármála er góð, aðeins yfir miðað við áætlun þennan mánuð sem skýrist að hluta af álagsgreiðslu vegna Covid-19. Eðlilega hefur minna fjármagn verið notað í ferðir og fundi. Mikið hefur verið keypt af tölum og staðan aðeins yfir í húsnæðiskostnaði vegna endurnýjunar á húsgögnum o.fl.
Umræðan snérist í að ræða um hvernig það sem hefur komið inn nýtt í kennsluumhverfið við þessar aðstæður í dag muni nýtast áfram. Fjarkennsla mun örugglega koma meira inn í framtíðinni þ.e. nýtum þann kost meira inn í dagskólann. Mörgum finnst gott að geta horft á efni kennslustundarinnar aftur þegar hentar. Félagslega hliðin í ástandinu í dag er ekki góð. Ráðherra biður um meiri opnun í framhaldsskólakerfinu en ástandið í þjóðfélaginu er ekki gott.
- **Félagslíf nemenda**
Margt lítið gert fyrir marga hópa. Kahut, Friends, tölvuleikur og fleira. Selja peysur og grímur merktar NFFG. Zoom fundir hafa verið með ýmsum þekktum skemmtikröftum. Draugasaga næst á dagskrá í beinni útsendingu í tengslum við Hrekkjavöku, allir heima með slökkt ljós. Ýmislegt fleira framundan en næsta önn verður skipulögð út frá covid ástandi.
Hægt væri að streyma tónleikum á vegum Garðabæjar í tengslum við FG. Streymisbúnaður til svo einfalt er að senda út frá skólanum.
- **Kynning á tæknibreytingum í FG**
Fartölvur voru keyptar fyrir alla kennara í haust. Dokkur fyrir alla á vinnuherbergi og í kennslustofum. Það er orðin mjög góð vinnuaðstaða, hækkanleg borð og fleira. Ný húsgögn hafa verið keypt og ýmis hugbúnaður. Kennaradrifin stefna við lýði þ.e. ef kennarinn vill prófa eitthvað fær hann það. Reynum að vera framarlega í tæknimálum. Kennsluráðgjafi í 33% starfi í samstarfi við tvo aðra skóla, aðstoðar kennara í upplýsingatækni málum.
- **Græn skref og loftslagsstefna**
Skólinn er langt komin með 3. skref og stefnt er á að senda inn umsókn fyrir jól.
Loftslagsstefna í vinnslu, tengist græna bókhaldinu og markmiðssetningu út frá því.
Skólinn hefur land í fóstri til að gróðursetja í og rafhleðslustöðvar fyrir rafbíla verða settar upp á bílastæði skólans.
- **Önnur mál**
FG varð í 2. sæti í útnefningu á Fyrirmyndarstofnun stærri ríkisstofnana.
Blaðgrein um viðbyggingu við FG bíður betri tíma til birtingar.

Fundi slitið kl. 12:45

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari